

Að vísa veginn

– fræðsla þjóðkirkjunnar frá vöggum til grafar

Námskrá fyrir fræðslu þjóðkirkjunnar
Lögð fyrir kirkjuþing 2010

Efnisyfirlit

Formáli

Inngangur

I. Skírnarfræðsla

1. Fræðsla í kirkjunni
2. Heimilið
- 2.1 Foreldrastarf
3. Leikskólinn
4. Grunnskólinn

II. Barnastarf 0-12 ára barna og foreldrafræðsla

1. Barnastarf
2. Barnið og skírnarfræðslan
3. Innihald fræðslunnar
 - 3.1. Kjarni kristinnar trúar.
 - 3.2. Fræðsluefni fyrir barnastarfið
 - 3.3. Áherslur og skipulag fræðsluefnis
 - 3.4. Samning fræðsluefnis
 - 3.5. Ólíkar aðferðir
 - 3.6. Framkvæmd starfsins
 - 3.7. Leiðsögn
4. Menntun barnafræðara

III. Námskrá fermingarfræðslunnar

1. Fermingarfræðslan
2. Inntak
 - 2.1. Upphaf fermingarfræðslunnar
 - 2.2. Líf unglingsins
 - 2.3. Trú kirkjunnar
 - 2.4. Lok fermingarfræðslunnar
3. Ytra skipulag fermingarstarfsins
 - 3.1. Námsgögn
 - 3.2. Stundafjöldi
 - 3.3. Fermingaraldur og tími ferminga
 - 3.4. Foreldrasamstarf

IV. Námskrá fyrir æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar 13-17 ára

1. Markmið æskulýðsstarfs
2. Leiðtogafræðsla

V. Fullorðinsfræðsla. - Til ábyrgðar og ánægju

1. Almenn safnaðfræðsla
2. Vöxtur og þroski einstaklinga og fjölskyldna
3. Starfsmannabjálfun

Heimildaskrá

Viðauki 1. Samstarf kirkju og skóla – viðmiðun

Formáli

Námskrá þessi er hugsuð fyrir fræðslustarf þjóðkirkjunnar og á hún að skapa umgjörð utan um fræðslustarfið í heild sinni. Hún er stefnumarkandi og er henni ætlað að hafa áhrif á mótun fræðslustarfs þjóðkirkjunnar í landinu.

Námskráin er fyrir starfsfólk safnaða að velja leiðir og fræðslu sem talin er henta kirkjustarfinu á hverjum stað. Hún á einnig að þjóna því hlutverki að vera umræðugrundvöllur um fræðslustarfið og um leið að veita upplýsingar um starfið út á við. Námskráin á auk þess að vera leiðbeinandi fyrir þá aðila sem semja efni fyrir kirkjulegt fræðslustarf.

Námskráin er rammi og viðmið fyrir söfnuði sem vilja semja safnaðarnámskrá þar sem tekið er mið af aðstæðum og þeim áherslum sem söfnuðurinn vill hafa í fræðslustarfi sínu.

Námskráin á að veita safnaðarfólki, foreldrum og fólki almennt upplýsingar um markmið, inntak og skipulag fræðslustarfs kirkjunnar.

Námskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun með það fyrir augum að hún megi gagnast sem best, á hverjum tíma, við skipulagningu og framkvæmd fræðslustarfs kirkjunnar.

Námskrá þessi byggir á ýmsum gögnum sem þegar eru til, þau hafa verið endurbætt, en sumt er samið frá grunni. Tekið er mið af stefnumarkandi gögnum sem þjóðkirkjan hefur þegar samþykkt og birt. Námskráin er unnin í nánú samstarfi við sr. Halldór Reynisson, verkefnisstjóra fræðslusviðs, og sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, verkefnisstjóra á Biskupsstofu.

Bestu þakkir til allra sem á einn og annan hátt hafa komið að þessu verki.

Undirritaður tók að sér að vinna þetta verk með hag og framgang fræðslustarfs þjóðkirkjunnar í huga.

Dr. Gunnar E. Finnbogason

Inngangur

Tekin hefur verið saman heildstæð námskrá fyrir fræðslustarf kirkjunnar undir yfirskriftinni *Að vísa veginn – fræðsla þjóðkirkjunnar frá vöggu til grafar*, sem hér birtist. Við samantekt hennar hefur verið gengið út frá þeim áherslum sem er að finna í *Fræðslustefnu þjóðkirkjunnar* sem tók gildi 1. júlí 2005. Þar segir, með vísun í samþykkt kirkjuþings 2003, að: *Fræðsla kirkjunnar hafi það að markmiði að styrkja hvert og eitt okkar til þess að öðlast dýpri skilning á kristinni trú og þroskast sem manneskjur*. Ennfremur segir að vilji kirkjunnar sé:

- að fræðslan sé heildstæð og nái til fólks á öllum æviskeiðum,
- að horft sé sérstaklega til þeirra sem ala upp komandi kynslóðir og styðja þau í því verki að koma börnunum til manns í trú, von og kærleika.

Grundvöllur fræðslustarfsins er: ... *skírnafræðslan sem hefur það að markmiði að styrkja og fræða hin skírðu á ólíkum æviskeiðum og við margvíslegar aðstæður í lífinu*. Talað er um frumskyldu kirkjunnar í þessu sambandi.

Til að ná betur til ákveðins aldurshóps með fræðslu og til að geta mætt betur þörfum hvers hóps fyrir sig er starfinu skipt upp eftir aldursskeiðum. Í *Fræðslustefnu þjóðkirkjunnar* er þetta orðað svo: *Til að ná betur utan um það [fræðslustarfið] er því skipt niður eftir aldursskeiði mannsins frá vöggu til grafar og um leið lögð áhersla á þau viðfangsefni lífsins sem þá blasa við hjá hinum skírða einstaklingi*.

Við aldursskiptinguna er gengið út frá fimm meginflokkum:

1. Barnafræðsla – foreldrafræðsla.
2. Fermingarfræðsla.
3. Unglingastarf – fræðsla fyrir unglinga og ungt fólk.
4. Fræðsla fullorðinna.
5. Starfsmannaþjálfun kirkjunnar.

Við samningu námskrár fræðslustarfs kirkjunnar hefur þessi skipting verið höfð að leiðarljósi. Námskráin er heildstæð þar sem tekið er mið af öllum æviskeiðum mannsins og dregin eru fram enn frekar þau viðfangsefni sem kirkjan vill vinna að í fræðslustarfi sínu.

I. Skírnarfræðsla

Áherslur

Fræðsla kirkjunnar grundvallast á skírnar- og kristniboðsskipuninni:

Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar. (Matt. 28: 19-20).

Megintilgangur með barnastarfi kirkjunnar er að fræða börnin um Guð og leiða þau inn í helgihald kirkjunnar og heim bænarinnar. Þetta er einn þáttur uppeldis sem öll skírð börn eiga að njóta. Heilagur andi skapar trú í gegnum orðið og sakramentin. Trúin kviknar vegna verka heilags anda. Með fræðslu er leitast við að hafa áhrif á trú barnsins og ýta undir trúar- og siðgæðisþroska þess á margan hátt:

Í fyrsta lagi: Með því að hafa Guðsorð um hönd. Börnin þurfa að kynnst innihaldi og boðskap Biblíunnar og læra að taka hann til sín.

Í öðru lagi: Í gegnum helgihald, fræðslu og námsumhverfi sem höfðar til upplifunar má hjálpa börnunum að skilja og hlusta á Guð og lifa í samfélagi við hann.

Í þriðja lagi: Fræðslan á að hjálpa til við að auka og dýpka skilning barnanna á innihaldi kristinnar trúar og undirbúa þau undir að takast á við siðferðilegan vanda.

1. Fræðsla í kirkjunni

Söfnuðurinn er vettvangur fræðslu þar sem Jesús Kristur er þungamiðjan og heilagur andi er að verki. Sú fræðsla sem gengið er út frá verður að miðast við þarfir barnanna og safnaðarins. Sú uppeldisfræði sem fram kemur í námskránni er grundvölluð í evangelísk-lútherskri guðfræði.

Í fræðslunni er mikilvægt að lögð sé áhersla á þekkingu, upplifun og leikni. Upplifun grundvallast á þeirri reynslu og þeirri þekkingu sem barnið býr yfir. Til að auka skilning barnanna á trú og trúarreynslu má fara leið upplifunar sem kallar á tjáningu í einhverju formi. Þessi leið er vandmeðfarin og þarf stöðugt að hafa í huga að gengið sé út frá forsendum barnanna. Þau þurfa að fá möguleika til túlkunar og tjáningar þannig að færi gefist á úrvinnslu á þeirra eigin forsendum. Frásagan er hér mikilvæg leið. Mikilvægt er einnig að fá börnin til að tjá sig og tala um trú sína og andlegt líf. Samtal og spurningar gera börnin virkari þátttakendur í fræðslunni. Í fræðslunni er mikilvægt að ganga út frá spurningum barnanna. Á þennan hátt er hægt að komast til móts við hugsanir, tilfinningar, og þarfir barnsins. Texti Biblíunnar og frásögur eru vel til þess fallin að höfða til reynslu og upplifunar barnanna. Leið upplifunar til skilnings er mikilvæg þegar viðfangsefnið er tilfinningabundið og mjög huglægt.

Það eru ekki einvörðungu orðin og fræðslan sem mætir barninu sem hafa áhrif á það heldur allt það umhverfi sem barnið hrærist í og viðmótið sem það mætir. Mæta þarf börnum af skilningi og virðingu. Jákvætt og vinarlegt viðmót gagnvart börnunum skapar gagnkvæmt traust.

Börnin þurfa að verða læs á merkingu tákna og helgihald kirkjunnar og efla þarf leikni þeirra til þátttöku í helgisíðum. Þannig verða börnin smám saman læs á mál og boðskap kirkjunnar og þátttaka í helgihaldinu verður þeim aðgengilegri.

2. Heimilið

Skírnarfræðsla fer fram að einhverju marki á heimilunum og er sú fræðsla misjöfn og breytileg eftir fjölskyldum. Heimilið er sá staður þar sem börnin læra mest og verða fyrir mestu áhrifunum á fyrstu árum ævinnar. Hvetja má heimilin til að:

- Sækja guðspjónustur.
- Leggja rækt við trúarlegar venjur eins og borðbænir, morgun- eða kvöldbænir.
- Skapa aðstæður í hinu daglega lífi þar sem rætt er við börnin um trúarleg og siðferðileg efni.
- Tengja trúarhátíðir (jól, páska og hvítasunnu) helgihaldi.
- Sækja fræðslufundi og aðra starfsemi fyrir fjölskylduna sem kirkjan býður upp á.

Söfnuðurinn og heimilin þurfa að eiga gott samstarf um skírnarfræðsluna. Foreldrar og skírnarvottar bera ábyrgð á þeirri trúarlegu fræðslu sem skírð börn eiga að njóta. Aðstoða ætti foreldra og hvetja þá til að tengja kristindóminn hversdagslífi heimilisins. Barnastarf kirkjunnar gefur einstakt tækifæri til að ná til foreldra. Til að tengja betur saman heimilin og kirkjuna mætti bjóða foreldrum upp á fjölbreytt starf í kirkjunni, s.s. fræðslu og helgihald. Auk þess mætti bjóða upp á sérstakar foreldrasamverur þar sem barnastarfið er kynnt og foreldrar fengnir til samstarfs og samvinnu. Bjóða má foreldrum sérstaklega til guðspjónustu, gjarnan í tengslum við þátttöku barnsins í henni.

Börn alast upp við ólíkar aðstæður og í ólíkum fjölskyldugerðum. Taka skal tillit til þessarra aðstæðna og mæta börnum og fullorðnum af fullri virðingu. Standa skal vörð um rétt barnsins eins og hann er tryggður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992).

Börn þurfa að geta hreyft sig, fengið útrás fyrir tilfinningar og verið í samskiptum við aðra. Þetta eru mikilvægar forsendur þroska. Hvað varðar trúarlegt og siðferðilegt uppeldi er ljóst að reynsla barna er ólík. Kenningar um félagsmótun, m.a. hvað snertir trúar- og siðferðisþroska, leggja mikla áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar. Fjölskyldan sýar þau áhrif sem barnið verður fyrir. Sum börn búa í fjölskyldum þar sem hið trúarlega og siðferðilega fær rými og er sýnilegt. Önnur börn fara á mis við þessa reynslu.

2.1 Foreldrastarf

Markmið

Þjóðkirkjan styðji foreldra í uppeldishlutverki sínu hvarvetna þar sem kirkjan og foreldrar mætast.

Verkefni

- Skírnin undirbúin með viðtölum við foreldra og því fylgt eftir í kirkjulegu starfi.
- Fræðsla fyrir unga foreldra um uppeldi og trúariðkun, ásamt börnum, s.s. með foreldramorgnum.
- Í tengslum við barna- og æskulýðsstarf skal bjóða foreldrum fræðslu um uppeldi og trú og mikilvæg lífsgildi.
- Virkja foreldra í barna- og æskulýðsstarfi.
- Styðja við bænalíf og helgihald á heimilum, m.a. með útgáfu efnis.

3. Leikskólinn

Leikskólinn fræðir ekki á sama hátt og grunnskólinn, því ekki er gengið út frá hefðbundnum námsgreinum við fræðslu í leikskólanum. Í 2. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 segir: *Starfshættir leikskólans skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskar menningar.* Markmið uppeldisstarfs í leikskólum skal m.a. taka mót sitt af kristinni arfleifð eins og grunnskólinn. Æskilegt er því að auka samstarf kirkjunnar og leikskólans.

4. Grunnskólinn

Grunnskólinn á sér langa sögu í kristindómsfræðslu og er sú fræðsla í dag á forsendum skólans. Í 2. grein laga um grunnskóla (nr. 91/2008) segir: *Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.* Hin kristna arfleifð skal hafa mótandi áhrif á starfið í skólunum. Auk þess er trúarbragðafræðsla og þar með kristindómsfræðsla ein af námsgreinum skólans (sbr. Aðalnámskrá grunnskóla) sem standa þarf vörð um og hlúa að. Auka þarf samstarf skólans og kirkjunnar enda nær skólinn til flestra barna sem skírð eru. Kirkjan hefur upp á margt að bjóða sem getur á margvíslegan hátt styrkt hið góða starf sem unnið er í leik- og grunnskólum. Þar sem bæði leikskólanum og grunnskólanum er ætlað að taka mið af kristnum gildum í starfi sínu er æskilegt að koma á góðu og reglulegu samstarfi við þessa aðila. Þetta samstarf þarf að byggja á forsendum skólanna. (sjá nánar í viðauka 1.)

II. Barnastarf 0-12 ára barna og foreldrafræðsla

Tilgangur námskrárinnar er:

- að marka stefnu – setja fram markmið og velja inntak með barnastarfi kirkjunnar og um leið að skapa rými fyrir einstaka söfnuði að velja leiðir að settu marki með hliðsjón af ólíkum aðstæðum,
- að vera hjálp og leiðbeining fyrir þá sem semja fræðsluefni fyrir barnastarfið,
- að hjálpa barnafræðurum að velja leiðir í starfinu, að ná settum markmiðum, með hliðsjón af þörfum safnaðanna, þroska og bakgrunni barnanna,
- að vera umræðugrundvöllur fyrir starfsmenn kirkjunnar, leikmenn og foreldra, um uppbyggingu og þróun barnastarfsins.

1. Barnastarf

Söfnuðurinn ber ábyrgð á því að þau börn sem skírð eru fái fræðslu við sitt hæfi. Hann þarf einnig að hjálpa kristnum foreldrum að rækja uppeldishlutverkið á heimilunum. Fræðsla í kristindómi er einn þáttur í uppeldi barna sem skírð eru. Öll börn eru velkomin til þátttöku í barnastarfinu, bæði skírð og óskírð.

Markmið

Skírnafræðslan stefnir að ákveðnu marki. Meginmarkmið fræðslunnar er:

að barnið læri að leita til Guðs og upplifi samfélag við hann eins og til var stofnað þegar það var skírt.

Þetta felur í sér að:

- barnið læri að þekkja Guð sem föður/móður, son og heilagan anda,
- barnið fái hjálp til að lifa í trú, tilbeiðslu og þjónustu,
- barnið fái tilfinningu fyrir því að það sé guðsbarn og tilheyri kirkjunni, söfnuði Guðs.

Til að skapa heildarskilning í trúar- og siðferðilegu uppeldi þarf að höfða til þekkingar, færni og viðhorfa barnsins. Það er samhengi milli þekkingar, viðhorfa og athafna barnsins.

Markmið starfsins skulu ná til eftirfarandi þátta:

- *Til móts við Guð.*
Leiða þarf barnið til móts við Guð í bæn og tilbeiðslu, og sjá einnig til þess að það kynnist frásögum Biblíunnar af Guði og því hvernig hann mætir fólki í hversdagslegu lífi þess.
- *Að tilheyra Kristi.*
Við trúum því að í skírninni hafi barnið verið falið Kristi. Tilgangurinn með skírnafræðslunni er að varðveita barnið í trúnni á hann og hjálpa því til að vaxa og þroskast sem lærisveinn í fylgdinni við hann.
- *Að lifa í trú.*
Ekki er nægilegt að hafa einvörðungu þekkingu heldur þarf þessi þekking að tengjast daglegu lífi barnsins. Hægt er að leiðbeina börnum á margan hátt. Uppeldi og mótun byggjast á samskiptum barna og fullorðinna. Breytni og athafnir hinna fullorðnu hafa oft meira að segja en vel valin orð. Hugmyndir barnsins um Guð mótast mikið af fyrirmyndum hinna fullorðnu. Viðhorf og breytni fræðara og annars starfsfólks hafa ekki síður áhrif en þau orð sem sögð eru. Benda skal börnunum á Jesú sem fyrirmynd í samskiptum við aðra.
- *Að tilheyra söfnuðinum.*

Mikilvægt er að börnin finni að þau séu hluti af söfnuðinum. Þetta þýðir að taka þarf tillit til þarfa þeirra og skapa þarf aðstæður fyrir þau í kirkjunni. Mikilvægt er að gera börnin kirkjuvön.

2. Barnið og skírnarfræðslan

Mikilvægt er að hafa haldgóða þekkingu á þroska og því hvernig börn læra, til að geta skapað góðar forsendur fyrir fræðsluna. Börn eru stöðugt að læra og afla sér nýrrar þekkingar. Fyrstu ár ævinnar eru miklir breytingatímar og börnin þroskast samtímis á mörgum sviðum. Barnið tekur mót af erfðum og upplagi en auk þess mótast það af nánasta umhverfi.

Viðhorf tengd trú og siðferði mótast í gegnum samskipti við aðra. Heimilin hafa á þessu æviskeiði mestu áhrifin og leggja grunninn fyrir framtíðina. Gildi og viðhorf sem barnið tileinkar sér í uppvexti hefur síðar meir áhrif á val og viðhorf einstaklingsins.

Barnið er ekki einvörðungu vitsmunavera heldur einnig félags- og tilfinningavera. Mæta þarf öllum þessum sviðum í fræðslunni þó megináherslan sé lögð á trúar- og siðferðisþroska barnsins. Börn hafa hæfileika á mismunandi sviðum, taka þarf tillit til þessa í starfi meðal barna. Þegar barnastarfið er undirbúið og skipulagt þarf að ganga út frá forsendum barnsins.

Taka þarf tillit til eftirfarandi þátta:

- *Barnið í brennidepli.* Öll fræðsla á að ganga út frá forsendum barnsins. Það þýðir að fræðslan á að taka mið af þörfum þess. Fjöldi fræðara þarf að vera í hlutfalli við fjölda barnanna.
- *Barnið sem einstaklingur.* Barnahópurinn er myndaður af einstaklingum. Börnin þurfa, eins og hægt er, að fá fræðslu við sitt hæfi.
- *Börn hafa ólíkan bakgrunn.* Börn alast upp við ólíkar aðstæður. Til kirkjunnar koma börn með ólíkan menningarbakgrunn. Mæta þarf öllum börnum með opnum hug og án fordóma. Börnin þurfa að læra að sýna hvert öðru virðingu og umburðalyndi. Huga þarf að því að sum börn hafa annað móðumál en íslensku og taka þarf tillit til þess.
- *Börn eru ólík.* Þarfir barna eru ólíkar. Sum vilja stöðugt vera að, en önnur kjósa frekar að hafa hægt um sig. Mikilvægt er að átta sig á því að fræðsluefnið getur þess vegna átt misvel við börnin.
- *Börn með sérþarfir.* Sum börn eiga við fötlun að stríða eða einhverja aðra erfiðleika. Viss börn eiga við hegðunarvanda að stríða og önnur glíma við athyglisbrest og ofvirkni. Taka þarf tillit til þess að börnin eru ólík og mæta þarf þeim eins og þau eru. Aðgengi fyrir fatlaða þarf að vera í góðu lagi. Öll börn eru velkomin í kirkjuna sína.
- *Heildstæður þroski.* Barnastarfið leggur fyrst og fremst áherslu á hið trúarlega og siðferðilega. Barnastarfið á að þroska hugsun barnsins um Guð og hafa áhrif á siðgæðisvitund þess. Þrátt fyrir þetta á barnastarfið að höfða til allra þroskaþátta barnsins. Starfið á að ýta undir þroska hugsunar og máls, upplifunar og tjáningar, samskipti við aðra og sköpunarþáttinn.

3. Innihald fræðslunnar

3.1 Kjarni kristinnar trúar

Fræðslan þarf að hafa ákveðið innihald og við val á því þarf að taka mið af meginmarkmiðum starfsins. Fræðslan skal höfða til eftirfarandi námsþátta, þ.e.a.s. vitsmunalegra, leikni- og viðhorfaþátta.

Vitsmunalegi þátturinn tengist allri þeirri þekkingu sem við viljum að börnin tileinki sér. Börnin þurfa að læra helstu frásögur Biblíunnar, hugtök, hugmyndir og læra að draga lærdóm af þeim. Leikniþátturinn snýr meira að hinu trúarlega atferli, hlutum eins og að læra að biðja, taka þátt í guðsþjónustunni og kirkjulegum athöfnum. Öll umfjöllun um breytni og siðferði tengist viðhorfasviðinu. Hér er átt við í hversu ríkum mæli hið trúarlega hefur áhrif á breytni, samskipti við aðra og umgengni við sköpunarverkið.

Ljóst er að þessir þættir skarast meira og minna en mikilvægt er að hafa þá í huga þegar starfið er skipulagt.

Höfuðáhersla skal lögð á ákveðinn fræðslukjarna og er það líklega best tryggt með því að öllum börnum standi til boða lágmarksfræðsla. Að auki skal bætt við þennan kjarna eins og þurfa þykir.

Innihaldið skal taka mið af kjarna kristinnar trúar. Efni fræðslunnar skal ná til: Boðorðanna, trúarjátninga, bæna og sakramenta. Biblíutextar skulu sóttir í Gamla og Nýja testamentið.

Textar um Krist skulu vera í fyrirrúmi.

Við val á efni fræðslunnar skal tekið mið af aðstæðum og reynsluheimi barnanna, bæði í safnaðarstarfinu og samfélaginu almennt.

3.2 Fræðsluefni fyrir barnastarfið

Fræðslan skal veita haldgóða þekkingu á boðskap kristinnar trúar og vera hjálp til að lifa sem kristinn lærisveinn. Þættir sem komið skal inn á eru:

- Skírnarfræðslan á að veita grundvallarþekkingu á Guði, veita hjálp til að játa trúna og lifa trúarlífi. Barnið á að fá vitneskju um skírnina og altarissakramentin. Auk þess á það að fá leiðsögn til að geta lifa trúarlífi.
- Barnið fræðist um innihald Biblíunnar, læri að þekkja helstu frásögur hennar og fái hjálp til að nota hana.
- Barnið fái innsýn í guðþjónustuna og hjálp til að taka virkan þátt í henni.
- Kirkjuárið sé undirstrikað með því að halda merkisdaga og hátíðisdaga kirkjunnar hátíðlega. Börnin verði læs á táknmál kirkjunnar, þekki liti kirkjuársins og undirstrika skal mikilvægi venja í lífi og þroska barnsins.
- Hjálparstarf og kristniboð skal kynnt og höfðað skal til samábyrgðar og samhjálp. Undirstrika skal ábyrgð barnanna á náunganum.
- Í skírnarfræðslunni verði miðlað þekkingu á boðorðunum tíu, tvöfalda kærleiksboðorðinu og börnunum hjálpað til að lifa í samræmi við boðskap þeirra, bæði á heimilunum og í skólanum.

3.3 Áherslur og skipulag fræðsluefnis

Við skipulag fræðslunnar skal höfuðáhersla lögð á samband barnsins við Guð, tengsl við söfnuðinn og nánasta umhverfi. Taka skal mið af textum kirkjuársins eins og hægt er við val á biblíutextum og þegar innihald fræðslunnar er skipulagt. Lögð skal áhersla á eftirfarandi þemu þegar biblíutextar eru valdir:

1. Kærleikur Guðs.
2. Ævi Jesú.
3. Að vera lærisveinn.
4. Biblían og bænin.
5. Að hjálpa öðrum.
6. Helgihald.

Þessi þemu eiga að vera áhersluatriði við samningu á fræðsluefni. Eins og kostur er skal velja texta um efni sem undirstrika þessi áhersluatriði.

Lögð skal áhersla á að börnin læri ákveðin minnisvers úr Biblíunni. Það sem er lært utanað á unga aldri býr með börnunum alla ævi. Þess vegna hefur það mikla þýðingu að kenna börnunum bænir, vers og söngva. Auk þess sem slíkur lærdómur getur áréttað þann boðskap sem undirstrika á í fræðslunni.

Bænir og bænaiðkun eiga að skipa stóran sess í allri fræðslu barnanna. Vegna ungs aldurs þeirra er mikilvægt að börnunum séu kennd valin bænavers. Miða skal við að börnunum séu kennd a.m.k. 4 bænavers á hverjum vetri. Börn sem hafa mætt í þrjá vetur ættu því að hafa lært 12 bænavers. Börnin skulu einnig læra að signa sig og læra *Faðir vor*. Auk þess væri æskilegt að börnin kynntust annarri bænaiðkun, bænum frá eigin brjósti og hermibænum. Hvetja má börnin til að koma með fyrirbænaefni. Allir þessir þættir eru mikilvægir liðir í bænauppeldinu.

Reynt skal að velja meðvitað sálma og söngva þannig að þeir undirstriki þemu fræðslunnar. Vel má velja misserissálm sem börnin læra. Þegar trúarlegir söngvar eru sungnir skiptir innihaldið máli. Þess vegna er mikilvægt að læra að nota slíka söngva í réttu samhengi. Við val á fræðsluefni, textum og verkefnum, skal gæta fyllsta jafnréttis. Fyrirmyndir í frásögum og verkefnum skulu vera af báðum kynjum.

3.4 Samning fræðsluefnis

Við samningu og útgáfu á fræðsluefni fyrir barnastarfið skal höfð hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

- Efnið verði fjölbreytt og við hæfi ungra barna.
- Gengið verði út frá þrenns konar efni; fyrir yngri og eldri börn og TTT-starf. Í barnahópum eru börn á ýmsum aldri og þess vegna er nauðsynlegt að geta skipt hópnum eftir aldri.
- Til umfjöllunar verði sögur og textar úr Biblíunni, bæði Gamla og Nýja testamentinu. Tengja skal fræðsluna þeim heimi sem börnin lifa og hrærast í.
- Með efninu fylgi góðar kennsluleiðbeiningar fyrir barnafræðarana þar sem bent er á ýmsa valmöguleika og leiðbeiningar við framsetningu efnisins.
- Þegar nýtt fræðsluefni er samið skal það metið af fræðurum sem notað hafa það í starfi. Endurbætur og breytingar á fræðsluefninu skulu taka mið af þessu mati.

3.5 Ólíkar aðferðir

Starfsaðferðir skulu taka mið af þörfum og aðstæðum í hverjum söfnuði fyrir sig. Þegar starfsaðferðir eru valdar skal tekið mið af eftirfarandi:

- Æskilegt er að barnastarfið hafi sinn fasta sess og tíma í starfi safnaðarins hvort sem um er að ræða sunnudagaskóla eða starf á virkum dögum. Það skapar festu og öryggi hjá börnunum. Tímasetning og starfstilhögun ræðst af aðstæðum á hverjum stað.
- Lögð skal áhersla á að börnin sækji guðspjónustur og séu í sem mestum tengslum við söfnuðinn. Barnastundir í tengslum við guðspjónustuna er ein leið, þar sem börnin fá fræðslu við sitt hæfi þegar kemur að prédikuninni. Hafa skal barnastarfið í sem nánustum tengslum við hið almenna safnaðarstarf. Reynt sé að ná til sem flestra skírðra barna í söfnuðinum.
- Námsumhverfi þarf að taka mið af þroska og þörfum barnanna og þurfa húsgögn og annar búnaður að miðast við þetta. Börn þurfa gott rými og aðstöðu til athafna eins og t.d. til leikja og fündurs.
- Barna- og unglingastarf í kirkjunni skal hafa fastan samastað og það skal ekki látið víkja fyrir öðru starfi á vegum kirkjunnar.

3.6 Framkvæmd starfsins

Skipulagsstarfið er ákveðið ferli og felur í sér greiningu á aðstæðum og þörfum barnanna og safnaðarins. Markmiðasetning byggir á þessari greiningu og í safnaðarnámskrá, sem hver söfnuður tekur saman, eru allir þessir þættir settir fram. Til að geta stöðugt bætt og endurskipulagt starfið þarf að fara fram stöðugt endurmat á því.

- *Greining á söfnuðinum.* Gott er við undirbúning og skipulagningu á fræðslustarfinu að afla upplýsinga um samsetningu safnaðarins. Hversu mörg börn eru í söfnuðinum? Hver er aldursdreifingin? Hvar búa börnin? Þessar upplýsingar og aðrar sem þurfa þykir ættu að vera góð hjálp við kortlagningu á aðstæðum og þörfum barnanna í söfnuðinum.
- *Þarfir og markmið starfsins.* Þegar þessi greining hefur farið fram ættu þarfir safnaðarins að hafa komið í ljós. Út frá þessum forsendum ætti að vera grundvöllur fyrir markmiðasetningu starfsins. Hvers væntum við með starfinu? Hvert viljum við stefna og hvaða marki viljum við ná?
- *Safnaðarnámskrá.* Þegar markmiðin hafa verið sett fram þarf að velja leiðir til að ná settu marki. Mikilvægt er að markmið og leiðir sem valdar eru séu settar fram á skýran og raunhæfan hátt. Safnaðarnámskráin á að veita upplýsingar um tilgang starfsins og þær leiðir sem fara á. Hún er bæði ætluð starfsfólki safnaðarins til leiðbeiningar og á að veita foreldrum upplýsingar um starfið. Safnaðarnámskráin er unnin í samvinnu og samin af starfsmönnum safnaðarins með hliðsjón m.a. af námskrá barnastarfsins.
- *Mat.* Til þess að fá upplýsingar um hversu vel hafi tekist til og hvort markmiðunum hafi verið náð er nauðsynlegt að leggja eitthvert mat á starfið. Vel má fá börnin til að bregðast við – hvað fannst þeim? Hvað fannst okkur sjálfum? Hvað með foreldrana? Matið er forsenda fyrir breytingum á skipulagi starfsins.

3.7 Leiðsögn

Nauðsynlegt er að starfsmenn barnastarfsins fái þann stuðning sem þeir þurfa á að halda í starfinu. Ýmis vandamál geta komið upp sem þarf að takast á við. Þetta geta verið samstarfsörðugleikar eða persónulegir erfiðleikar. Æskilegt er að leiðtogar hafi opinn aðgang að aðilum sem þeir geta leitað til þegar álitamál eða erfiðleikar koma upp í starfinu.

4. Menntun barnafræðara

Öflug fræðslustarfsemi fyrir fræðara er forsenda árangursríks starfs. Fræðslan þarf bæði að ná til trúarlega þáttarins og þess uppeldis- og félagslega. Góð þekking á boðskap kristinnar er mikilvæg. Einnig er sú þekking mikilvæg er snýr að almennri félagsstarfsemi og því hvernig eigi að umgangast og ná til barnanna.

III. Námskrá fermingarfræðslunnar

Markmið

Námskráin er ætluð sem rammanámskrá þannig að söfnuðir geti útfært hana nánar með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað. Námskráin leiðbeinir um hvernig heppilegast sé að skipuleggja, standa að og meta fermingarstörfin.

Meginmarkmið fermingarfræðslunnar er að:

styrkja trú fermingarbarnsins á hinn þríeina Guð sem það var helgað í skírninni og styrkja trúarvitund þess og að það vaxi í kærleika til náungans og lífi í bæn og samfélagi safnaðarins.

Meginmarkmiðið tekur mið af skírninni og þeirri fræðsluskyldu sem hún leggur á herðar fjölskyldu barnsins, skírnarvottum og söfnuði og kemur skýrt fram í kristniboðsskipunni og tvöfalda kærleiksboðinu.

„Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ (Matt. 28:18-20.)

Jesús svaraði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (Lúk. 10:27.)

Markmið með fermingarfræðslunni er:

- að fermingarbarnið læri að þekkja Guð sem Skapara og að það upplifi sig sem einstakt sköpunarverk og hluta af Guðs góðu sköpun.
- að fermingarbarnið þekki boðskap Jesú Krists, og því verði ljós merking fornárdauða hans og uppris.
- að fermingarbarnið læri að þekkja Guð sem heilagan Anda, sem vinnur sitt verk í kirkjunni gegnum orðið og sakramentin og skapar trú og kærleika til annarra.
- að fermingarbarnið læri og upplifi að í bæninni og í guðþjónustunni er það frammi fyrir augliti Guðs.
- að fermingarbarnið leiti svara við mikilvægum spurningum varðandi líf þess og tilveru og fái stuðning til að vaxa sem kristinn einstaklingur.
- að fermingarbarnið sjái það sem það hefur lært í stærra samhengi og fái hjálp við að lifa sem kristinn manneskja, í sátt við sig sjálft, Guð og samferðafólk sitt.
- að yfirfæra orðið inn í lífsaðstæður unglingsins á einfaldan hátt.

1. Fermingarfræðslan

Leiðarljós námskrárinnar er að vekja, kenna og virkja. Finna þarf ólíkar leiðir í fræðslunni til að virkja fermingarbörnin. Það er því mikilvægt að beita fjölbreyttum aðferðum í fræðslunni og tengja hana við reynslu og líf unglingsins.

Í gegnum fræðsluna skilur unglingurinn betur hvað trúin felur í sér og hver sá Guð er sem er hornsteinn trúarinnar. Til að unglingurinn tileinki sér viðfangsefni fræðslunnar er mikilvægt að hann verði virkur og vinni ólík verkefni, taki þátt í samræðum og spyrji spurninga sem brenna á honum í gegnum alla fræðsluna. Unglingurinn þarf því að vinna með viðfangsefnið einn eða í hóp.

Í fræðslunni (virkja, vekja, kenna) tengir unglingurinn nýtt efni því sem áður hefur verið lært. Hins vegar hefur það sem áður var lært áhrif á það hvernig hin nýja þekking er túlkuð og skilin. Það er síðan Guð sem gegnum sitt orð vekur trú og kærleika hjá einstaklingnum. Í fermingarfræðslunni er því mikilvægt að unglingurinn upplifi nærveru Guðs, og að hann finni leið inn í söfnuðinn og guðþjónustu hans. Þetta er einnig mikilvægt svo að unglingurinn vaxi ævilangt í trú og kærleika og fái dýpri skilning á mikilvægi trúarinnar.

Guðs orði er miðlað í gegnum tungumálið og það mætir unglingnum í lífsaðstæðum hans eins og þegar Kristur mætti börnum og fullorðnum á sínum tíma. Til að þetta geti gerst er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir til að tengja orðið lífi unglingsins. Gegnum fræðsluna (virkja, vekja og fræða) getur unglingurinn betur skilið hvað trú er, hver Guð er, sem er höfundur trúarinnar, og hvað trúin felur í sér í daglegu lífi.

Fræðslu um innihald trúarinnar á að tengja við guðsupplifun unglingsins og þau lífsvandamál sem hann er að glíma við. Á þennan hátt fær innihald trúarinnar merkingu í lífsaðstæðum hans.

2. Inntak

2.1 Upphaf fermingarfræðslunnar

Markmiðið er:

að fermingarbörnin kynnist hvert öðru og að þau upplifi sig sem hluta af hóp.

Mikilvægir áhersluþættir:

- Kynnast – hrista hópinn saman.
- Skapa góðan anda í hópnum.
- Rætt um væntingar (fermingarbarnsins og fræðarans).
- Kanna hvað fermingarbörnin kunna og taka mið af þekkingu þeirra við frekara skipulag fræðslunnar.
- Samræður um fræðsluna framundan.
- Skírnin er forsenda fermingar.

2.2 Líf unglingsins

Markmiðið er:

að hjálpa fermingarbörnunum að leita svara við mikilvægum spurningum um líf sitt og tilveru og styðja þau í að vaxa sem kristnar manneskjur í samfélagi við aðra.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Sjálfstæði og samskipti við foreldra.
- Sjálfsmynd og samskipti við aðra unglinga.
- Mikilvæg gildi (ábyrgð, réttlæti, umburðarlyndi, fjölbreytileiki).
- Lífsstíll, fjölmiðlar, netheimar, fíkniefni.
- Merking lífs, tilvistarspurningar, guðshugmyndir.
- Gleði, von, kærleikur, frelsi.
- Mótlæti í lífinu, ótti, angist, þjáning, þor til að segja nei, dauði, sorg.

2.3 Trú kirkjunnar

2.3.1 Sköpunin.

Markmiðið er:

að fermingarbörnin læri að þekkja Guð sem föður og Skapara og að þau fái hjálp til að sjá hversu sérstök þau eru sem manneskjur og sem hluti af sköpunarverkinu.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Trú á Guð, skynsemi og samviska í ljósi Guðs.
- Guð skapari jarðar.
- Ábyrgð mannsins á sköpunarverkinu, umhverfisvernd.
- Guðs vilji – boðorðin.

2.3.2 Hjálpræðisverkið

Markmiðið er:

að fermingarbörnin læri að þekkja Guð sem soninn, Jesúm Krist og hjálpræðisverk hans.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Líf Jesú – starf og boðskapur.
- Jesús – maður og sonur Guðs.
- Synd, fyrirgefning, frelsun.
- Krossdauði, upprisa, uppstigning, endurkoma.

2.3.3 Heilagur andi – sakramentin

Markmiðið er:

að fermingarbörnin læri að þekkja og upplifa Guð sem Heilagan anda,- sem er að verki í kirkjunni í gegnum orðið og sakramentin og sem vekur trú og kærleika og sem er nær, hér og nú, til að hjálpa, hugga og örva til góðra hluta, í helgihaldi kirkjunnar sem og í lífinu öllu.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Heilagur andi að verki, kirkjan og söfnuðurinn.
- Guðs orð og sakramenti: skírni og kvöldmáltíð.
- Trú og kærleikur sem gjafir Heilags anda.
- Trúboð.
- Kærleikspjónusta.
- Safnaðarstarf.
- Guðspjónusta.
- Hæfileikar, talentur fermingarbarnsins sjálfs.
- Listsköpun.

2.3.4 Bænin

Markmiðið er:

að fermingarbörnin læri og upplifi að bænin og guðspjónustan eru leiðir til að tala við Guð og finna fyrir nærveru hans.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Kirkjuárið, kristin tákn, litir kirkjuársins, kristnar hefðir.
- Trúarjátningin, Faðirvorið.
- Bænir og bænarlíf.

2.3.5 Biblían

Markmiðið er:

að fermingarbörnin læri að þekkja boðskap Biblíunnar og að þau geti flett upp í henni og notað til að styrkja trú sína og andlegan þroska.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Biblían - Guðs orð.
- Læra að nota Biblíuna – geti m.a. flett upp í henni.
- Þekkja valdar biblíusögur (bæði úr GT og NT).
- Biblían verði þeim handgengin.

2.4 Lok fermingarfræðslunnar

Markmiðið er:

að fermingarbörnin geti lagt mat á fermingarstörfin, geti tjáð sig um þýðingu fræðslunnar fyrir þau sjálf og mikilvægi fermingarathafnarinnar.

Mikilvæg áhersluatriði:

- Sjálfsmat – hvað hef ég lært? – fræðslan dregin saman.
- Mat á framkvæmd fræðslunnar.
- Persónuleg þýðing fræðslunnar.
- Fermingarathöfnin.

Mat

Námsmat í fermingarfræðslunni má nota á mismunandi og ólíkan hátt. Símat er það kallað þegar fermingarbarnið fær að vita allt fræðslutímabilið, hvernig það stendur sig í fermingarfræðslunni. Lokamat er það aftur kallað þegar árangur er fyrst og fremst metinn í lok fræðslunnar.

Markmið fræðslunnar er það viðmið sem er grundvöllur matsins. Spurningin verður hvort settum markmiðum hafi verið náð eða ekki.

Það skiptir fermingarbarnið miklu máli að brugðist sé við virkni þess og þátttöku í fræðslunni. Hægt er að fá fermingarbarnið sjálft til að meta frammistöðu sína, oft nefnt sjálfsmat.

Meginspurningin verður þá: Hvað hef ég lært? Hægt er að nota ólíkar gerðir af þekkingarprófum. Einnig má ræða við fermingarbörnin í litlum hópum um fermingarfræðsluna. Mögulegt er einnig að ræða við hvert og eitt fermingarbarn um viðhorf þess til fræðslunnar.

Matsaðferðir eru margar en matið á að vera leiðbeinandi um framvindu og árangur fermingarfræðslunnar.

Fermingarfræðarinn þarf einnig að leggja mat á eigin störf svo hægt sé að betrumbæta starfið og þróa það áfram.

3. Ytra skipulag fermingarstarfsins

3.1 Námsgögn

Heilög ritning er grundvöllur allrar skírnarfræðslu. Í fermingarstörfunum er gert ráð fyrir að ungmennin hafi fengið Nýja testamentið að gjöf frá Gídeonfélaginu. Sums staðar er gerð sú krafa að fermingarbörnin hafi Biblíuna alla undir höndum til notkunar á fræðslutímabilinu, og er það æskilegt.

Sálmabók þjóðkirkjunnar er notuð í fræðslu og helgihaldi ásamt öðru efni til tilbeiðslu.

Kirkjulykillinn er víða hafður til grundvallar helgihaldi fermingarstarfanna.

Annað kennsluefni er t.d. fermingarkver eða kennslubækur og vinnubækur. Sem fyrr skal kennsluefni miðast við þá grunnsýn og játningu sem Fræðin minni byggja á.

3.2 Stundafjöldi

Fermingarstörfin fara að jafnaði fram á einum vetri og hefjast að hausti í byrjun skólaárs.

Annað fyrirkomulag, s.s. námskeið að sumri eða tveggja ára fræðslutímabil, kemur einnig til greina. Ávallt skal þó gætt að tvennu:

- að stundafjöldi sé 45-60 stundir (miðað við 40 mín.)
- að starfið sé í beinum tengslum við guðspjónustulíf, tilbeiðslu og þjónustu safnaðarins.

Stundirnar skiptist í:

- fræðslu (30 stundir),
- kirkjusókn (3-10 guðspjónustur),
- þátttöku í safnaðarstarfi (8-12 stundir),
- sameiginlega fundi með foreldrum og fermingarbörnum (4-8 stundir).

3.3 Fermingaraldur og tími ferminga

Að jafnaði fari fermingarstörfin fram þegar börnin eru í 8.bekk grunnskóla, þ.e. á 14. aldursári. Sá aldur er þó ekki bindandi en frávík séu borin undir prófast.

Fermingar fari fram í apríl hið fyrsta. Æskilegt er að um bænadaga og páska sé ekki fermt.

Hautfermingar fara að jafnaði fram í október. Um fermingar vegna sérstakra aðstæðna gildir samkomulag milli prests og aðstandenda fermingarbarnsins.

Hópastærð

Hver fermingarfræðari skal alla jafna hafa umsjón með 60-80 fermingarbörnum hið mesta. Þau skiptist í 3-4 hóp, en ekki séu fleiri en 20 í hverjum hóp. Við vinnu sem krefst smærri hóp er mælt með 5-6 ungmennum í hóp.

Fermingarfræðarar

Í stórum prestaköllum og þar sem ástæða þykir til skal sóknarprestur ráða með sér fermingarfræðara sem starfi á ábyrgð hans. Gera verður þær kröfur til fræðaranna að þeir séu kirkjulega sinnaðir og vel heima í guðfræði og uppeldisfræði. Fræðsludeild þjóðkirkjunnar ber, í samvinnu við fermingarstarfaneind, að hafa umsjón með árlegum námskeiðum fyrir fermingarfræðara. Þátttaka starfsfólks og sjálfbóðaliða safnaðarins gefur störfunum aukna vídd, og er sérstaklega minnt á organista og djákna í því sambandi.

Fermingarstarfahópar

Sóknarprestur leiðir fermingarstörfin og ber ábyrgð á þeim, en sér til fulltingis hafi hann hóp fólks sem taki þátt í stefnumótun og framkvæmd starfanna. *Fermingarstarfahópurinn* hefur umsjón með gerð þess þáttar safnaðarnámskrárinnar, sem varðar fermingarstörfin. Stærð og samsetning hópsins ræðst af aðstæðum á hverjum stað. Í smærri prestaköllum gæti sóknarpresturinn kallað organista og einn fulltrúa sóknarnefndar til liðs við sig. Annars staðar mætti bæta við fulltrúa unga fólksins, t.d. úr æskulýðsfélaginu, og karli eða konu úr safnaðarfélagi, bræðrafélagi eða kvenfélagi. Einhver úr hópi hins trúfasta kirkjufólks gæti einnig verið dyggur liðsmaður. Þá er mikilvægt að þar sem aðrir fermingarfræðarar en presturinn koma að starfinu, s.s. djáknar, séu þeir hafðir með í ráðum við skipulagningu og mótun markmiða.

Forskóli fermingar

Forskóli fermingarfræðslunnar er ætlaður börnum í 5. til 7. bekk grunnskóla. Forskólinn er m.a. viðbrögð kirkjunnar við þverrandi biblíuþekkingu barna. Þar sem ákveðin biblíuþekking er forsenda trúfræðslu er m.a. unnið með valdar biblíusögur á fjölbreytilegan hátt. Reynt er að beita öðrum aðferðum í fræðslunni samanborið við hefðbundna fermingarfræðslu.

3.4 Foreldrasamstarf

Í tengslum við fermingarfræðsluna er mikilvægt að virkja foreldra barnanna sem mest. Fermingin sjálf er stór dagur í lífi fjölskyldunnar og þess vegna er brýnt að hafa sem best samband við fjölskyldur fermingarbarnanna. Fermingin gefur auk þess gott tækifæri til að tengja fjölskyldurnar nánar kirkjunni. Foreldrar þurfa að vita nánar um hvað fræðslan snýst og þess vegna eru fundir með þeim nauðsynlegir. Til að virkja foreldrana enn frekar má fá fjölskyldurnar og fermingarbarnið til að vinna eitthvað ákveðið saman í fermingarfræðslunni.

IV. Námskrá fyrir æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar 13-17 ára

Meginmarkmið:

Starf þjóðkirkjunnar meðal ungs fólks miðar að því að efla það og styðja og stuðla þannig að jákvæðri lífssýn og sterkri sjálfsmynd sem grundvallast í trú á Guð.

1. Markmið æskulýðsstarfs er að:

- mæta ungu fólki þar sem það er statt á lífsleiðinni og veita því liðsinni og skjól, þannig að allir séu velkomnir án tillits til ólíks bakgrunns,
- þekkja inn á unglíngamenninguna og ríkjandi tíðaranda og miðla þeim gildum sem kirkjan stendur fyrir inn í þeirra daglega líf, bjóða upp á dagskrá sem hæfir unglíngum,
- vera reiðubúinn til þess að hjálpa ungu fólki að leita sér úrræða eða aðstoðar eftir því sem við á.

Leiðir:

Að mæta unglíngunum á þeirra forsendum.

Að skapa þannig anda að unglíngarnir finni sig heima og örugga.

Að hugðarefnum unglínga sé sinnt.

Að ræða um þau gildi sem kirkjan stendur fyrir.

Að spegla í umræðu um unglíngamenningu og ríkjandi tíðaranda kristin lífsgildi.

Markmið er að:

- ungt fólk læri að bera virðingu fyrir sköpun Guðs, sjálfu sér og öðrum,
- líti á sig sem einstaka sköpun Guðs og eflist og styrkist þannig sem manneskur,
- njóti samvista með öðrum án fordóma eða eineltis,
- njóti sín í hópi jafnaldra án vímuefna.

Leiðir:

Að leiðtogar sýni í verki virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og séu til fyrirmyndar.

Að gera unga fólkið læst á jákvæðar og neikvæðar fyrirmyndir.

Að koma til móts við þarfir hvers og eins og stuðla að því að hæfileikar allra fái að njóta sín með fjölbreyttu starfi.

Að hafa skýra afstöðu til hverskonar vímuefnanotkunar og fylgja vímuvarnastefnu þjóðkirkjunnar.

Að stuðla að meðvitund um umhverfisvernd, þróunaraðstoð og neyðarhjálp og skyldu okkar sem kristinna einstaklinga.

Að stuðla að meðvitund um jafnrétti kynjanna og halda á lofti virðingu fyrir minnihlutahópum.

Markmið er að:

-ungt fólk öðlist jákvæða lífssýn og sé vakið til umhugsunar um kristin gildi og siðferði, með því að:

-rækta með sér náungakærleika,

-rækta með sér samkennd, samhygð, umburðarlyndi og ábyrgðarkennd.

Leiðir:

Að ræða um kristinn mannskilning og siðferðilega afstöðu.

Að kenna um Jesú Krist sem fyrirmynd.

Að fræða um gildi hjálparstarfs og veita tækifæri til að taka þátt í slíku starfi.

Að unga fólkið fái að upplifa að það beri ábyrgð, geti lagt sitt af mörkum og að framlag þess skipti máli í samfélaginu.

Að vekja athygli ungs fólks á fyrirmyndum sem standa fyrir mannréttinabaráttu og hjálparstarf.

Markmið er að:

- ungt fólk þroski trú sína á Guð, með því að:
- auka þekkingu sína á ritningunni og læra að tengja hana við daglegt líf,
- iðka bænalíf,
- eiga samfélag um trú og andlegt líf,
- fá tækifæri til vangaveltna og spurninga.

Leiðir:

Að helgistundir með bænahaldi séu þungamiðjan í starfi æskulýðsfélaga.
Að nota verkefni og leiki sem þjálfanotkun á Biblíunni.
Að aðstoða ungt fólk til þess að leita svara og taka afstöðu til þess sem stendur í Biblíunni.
Að efla ungt fólk í að iðka bæn.

Markmið er að:

- ungt fólk eigi samfélag innan kirkjunnar.

Leiðir:

Að starfrækja æskulýðsfélög með fjölbreyttri dagskrá við allra hæfi.
Að huga sérstaklega að samfélagi fyrir ungt fólk sem ekki finnur sig heima í öðru skipulögðu félagsstarfi.
Að gert sé ráð fyrir þörfum ungs fólks í almennu helgihaldi kirkjunnar.
Að hafa aðstöðu fyrir unglingastarf í kirkjunni.
Að gert sé ráð fyrir æskulýðsstarfi í dagskrá kirkjunnar.

Markmið er að:

- ungt fólk eigi kost á því að leggja sitt af mörkum í starfi kirkjunnar með því að:
- fá tækifæri til að þroska leiðtogahæfileika í kristilegu starfi,
- með þátttöku í ýmsu safnaðarstarfi.

Leiðir:

Að leiðtogafræðsla sé í boði fyrir upprennandi leiðtoga.
Að leiðtogar í þjálfun séu til aðstoðar í starfi safnaðarins.
Að ungu fólki sé boðið að taka að sér verkefni innan kirkjunnar, svo sem í messuhópum, í tónlistarflutningi og fleiru út frá hæfileikum og getu.
Að ungt fólk hafi tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum safnaðarins um sín eigin mál.
Að ungt fólk fái að taka þátt í skipulagningu á daglegu lífi safnaðarins, s.s. um tónlistarval og helgihald.
Að gert sé ráð fyrir starfi fyrir ungt fólk innan kirkjunnar í fjárhagsáætlunum og í skipulagningu safnaðarstarfsins.

2. Leiðtogafræðsla

Kirkjan bjóði ungum leiðtogum upp á leiðtogafræðslu sem geri þá færa um að taka aukna ábyrgð og styrki þá sem leiðtoga í kirkjulegu starfi. Styrkja þarf því starf *Farskóla æskulýðsstarfsins* og gera honum kleift að bjóða upp á sem besta fræðslu og þjálfun við hæfi.

V. Fullorðinsfræðsla. – Til ábyrgðar og ánægju

Fræðsla fullorðinna

Fræðsla fyrir fullorðna er ætluð þeim sem orðnir eru 18 ára og eldri og vilja fræðast um kristna trú og Biblíuna og einnig þeim sem vilja taka virkan þátt í starfi safnaðarins og kynnast betur starfi þjóðkirkjunnar.

Markmið:

Fræðsla fullorðinna hjálpi fólki að iðka kristna trú á gefandi hátt og að takast á við verkefni lífsins. Ennfremur að hvetja fólk til að taka að sér verkefni og axla ábyrgð á vettvangi þjóðkirkjunnar.

1. Almenn safnaðarfræðsla

1.1 Trúfræðsla.

- Námskeið um höfuðatriði kristindómsins.
- Biblíufræðsla.
- Fræðsla um aðra kristna söfnuði.
- Trúarbragðafræðsla.

1.2 Kirkjufræðsla.

- Skipulag kirkjunnar.
- Kirkjustarf, söngur, tilbeiðsla
- Kærleiksþjónusta – hjálparstarf
- Fræðsla fyrir kirkjukóra.

2. Vöxtur og þroski einstaklinga og fjölskyldna

Hér eru dæmi um námskeið sem kirkjan hefur boðið upp á undanfarin ár:

- Viðtöl við verðandi hjón (hjá prest).
- Námskeið fyrir verðandi hjón og ung hjón.
- Námskeið fyrir „þroskuð“ hjón á ýmsum lífsskeiðum.
- Fræðsla um kristið uppeldi.
- Hópastarf og sálgæsla fyrir fráskilið fólk.
- Sjálfsstyrking kvenna/karla – hópastarf.
- Fræðsla og umræða um líf sem kristinn einstaklingur í nútíma samfélagi.
- Tólf spora vinna.
- Sorgarhópar.
- Ýmis námskeið.
- Útgáfa smárta.

3. Starfsmannþjálfun

Þjóðkirkjan þarf að bjóða starfsfólki sínu upp á fræðslu til að auka hæfni þess í starfi. Hún þarf að skilgreina lágmarkskröfur til starfsfólks síns, hvað varðar menntun, reynslu, mannleg samskipti og aðra þá þætti sem mikilvægir eru í kirkjulegu starfi. Huga þarf að gæðastjórnun í því samhengi, að starfsfólk í sambærilegum störfum fái sambærilega þjálfun til þess að þjónusta þjóðkirkjunnar gagnvart meðlimum sínum sé sem best. Í framkvæmd merkir þetta aukna starfsþjálfun þar sem launuðu starfsfólki og sjálfboðaliðum sé boðið upp á grunnþjálfun.

Markmið:

Allt starfsfólk sem ráðið er til starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar fái grundvallarþjálfun til að auka færni sína og hæfni, til að geta sinnt ólíkum verkefnum innan þjóðkirkjunnar. Stórauka skal þátttöku og þjálfun sjálfboðaliða.

Verkefni:

– Starfsfólki Þjóðkirkjunnar, launuðu sem ólaunuðu, sé boðið upp á grunnfræðslu um kristna trú og miðlun hennar, svo og mannleg samskipti og um sálgæslu. Þá sé starfsfólk þjóðkirkjunnar, einkum það sem kemur að samskiptum við börn og unglinga, frætt um siðareglur þjóðkirkjunnar. Nýtt starfsfólk skal skyldað til að gefa samþykki fyrir skimun í sakaskrá (sjá nánar *Siðareglur þjóðkirkjunnar*, 2009).

Námskeið séu löguð að hlutverki ólíkra starfshópa.

- Guðfræði- og djáknanemum sé tryggð þjálfun í safnaðarstarfi.
- Símenntun starfsfólks fari fram í samvinnu við guðfræðideild Háskóla Íslands, Skálholtsskóla og aðrar menntastofnanir.
- Námskeið fyrir fólk í sóknarnefndum.
- Sérstök námskeið fyrir starfsfólk, s.s. meðhjálpara/kirkjuverði/tónlistarfólk.
- Áætlun um eflingu sjálfbodaðastarfs innan þjóðkirkjunnar
- Fræðslutilboð Starfs- og leikmannaskóla þjóðkirkjunnar verði aukin.

Heimildaskrá

Við samningu námskrár hefur verið stuðst við eftirfarandi heimildir:

Asbjörn Hirsch. (1990). *Opplevelse – undring – kunnskap*. Oslo. Universitetsforlaget.

Catherine Bell. (1992). *Ritual Theory, Ritual Practice*. Oxford University Press.

Dag Hallen. (2004). Oppdragelse og barnsyn. *Prismet*. 1, 75-85.

Dag Hallen og Oddbjörn Evenshaug. (1983). *Barnet og religion*. Oslo: Luther Forlag A/S.

Dag Hallen og Oddbjörn Evenshaug. (1993). *Barn á þroskabraut*. Reykjavík.

Skálholtsútgáfan.

Engelsen, B. U. (1992). Kirkens satsning på læreplaner. Et læreplanteoretisk perspektiv.

Prismet, 6, 264-269.

Fræðslustefna þjóðkirkjunnar. (2005). Reykjavík, Þjóðkirkjan.

Gunnar E. Finnbogason. (1995). *Að vísa veginn. Drög að námskrá fyrir kirkjulegt barnastarf 4-10 ára barna*. Reykjavík, Fræðsludeild kirkjunnar.

Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar [án ártals]. Reykjavík, Þjóðkirkjan.

Livet - Tron – Bönen. Plan för konfirmandarbetet. 2001. (2002). Borgå, Kyrkostyrelsen.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

María Ágústsdóttir. (1999). *Námskrá fermingarstarfanna*. Reykjavík, Fræðslu- og þjónustudeild þjóðkirkjunnar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Siðareglur þjóðkirkjunnar [án ártals]. Reykjavík, Þjóðkirkjan.

Sturla J. Stálsett. (2004). *Á lære seg á bli barn? Om barneteologi, dåp og trosopplæring*.

Prismet. 1, 4-13.

Til foreldra fermingarbarna. (2008). Reykjavík, Skálholtútgáfan.

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar [án ártals]. Reykjavík, Þjóðkirkjan.

Viðauki 1. Samstarf kirkju og skóla - viðmiðun

Hér er að finna nokkra þætti sem hafa má til viðmiðunar í samstarfi kirkju og skóla. Á mörgum stöðum eru þessi mál í föstum skorðum og góðum farvegi en á öðrum stöðum gætir óöryggis varðandi þetta samstarf. Viðmiðunarþættir þessir eru afrakstur vinnuhóps um málefni kirkju og skóla (2008). Að hópnum komu fulltrúar kirkjunnar, Skólastjórafélagsins og Samtaka sveitarfélaga.

Viðhorf kirkjunnar til samstarfs kirkju og skóla

Íslenska þjóðkirkjan gerir sér fulla grein fyrir að þrátt fyrir sérstöðu sína starfar hún í fjölhyggju- og fjölmenningarlegu umhverfi þar sem taka verður tillit til ólíkra trúar- og lífsviðhorfa og mikilvægt er að stuðla að virðingu og umburðarlyndi.

1. Kirkjan virðir að fullu sjálfstæði skólans. Það er á valdi stjórnenda skóla hvort samstarf við kirkjuna er tekið upp eða ekki. Þiggi skólastjórnendur þjónustu kirkjunnar eða samstarf við hana sem ágreiningi getur valdið, er það á ábyrgð skólans að bregðast við þeim ágreiningi í samvinnu við foreldra og aðra hlutaðeigandi aðila.
2. Trúarbragðafræðsla og þar með kristindómsfræðsla er hluti af fræðslustarfi skólans og á forsendum hans, enda setur menntamálaráðuneytið þeirri fræðslu námskrá.
3. Sé leitað eftir samstarfi við kirkjuna um einstaka þætti kristindómsfræðslunnar, svo sem vettvangsheimsóknir í kirkjur, er þátttaka starfsmanna kirkjunnar á forsendum skólans.
4. Kirkjan telur mikilvægt að þátttaka starfsmanna hennar í skólastarfi sé kynnt foreldrum.
5. Kirkjan vill kappkosta að í öllu samstarfi við skóla sé framlag hennar vel skilgreint og standist kröfur um vönduð fagleg vinnubrögð.
6. Kirkjan lýsir sig fúsa til samstarfs við skóla um námskeið fyrir kennara. Slík námskeið verði skipulögð alfarið með hlutverk kennara í opinberum skólum í huga.
7. Sé leitað eftir samstarfi við prest vegna áfalla, kemur presturinn til þess samstarfs sem þjónn kirkjunnar til stuðnings þeim sem fyrir áfalli hafa orðið og á forsendum þeirra.
8. Ef óskað er eftir skólaguðsþjónustu í tengslum við jól eða aðrar hátíðir er það á forsendum kirkjunnar. Það er skólans að setja reglur um hvernig með það skuli fara ef foreldrar óska ekki að börn þeirra taki þátt í slíkum athöfnum.
9. Sú stefna hefur þegar verið mörkuð af menntamálaráðuneytinu að leyfi til þátttöku í fermingarfræðsluferðum á skólatíma er veitt af skólanum að beiðni foreldra. Kirkjan sem stofnun virðir þá ákvörðun. Kirkjan gerir ráð fyrir því að fermingarfræðslan fari fram utan hefðbundins skólatíma.